



## Fréttabréf í nóvember 2010

---

Ágætu foreldrar, nemendur og kennarar

**Íslenska Suzukisambandið** er félag fjölskyldna sem eiga börn er stunda hljóðfæranám eftir móðurmálsaðferð Dr. Shinichi Suzuki, Suzuki-kennara og annarra áhugamanna um þessa kennsluáðferð. Félagið stendur fyrir námskeiðum fyrir nemendur og heldur utan um réttindanám Suzuki-kennara. **Árgjaldið** er 3000 krónur á fjölskyldu. Sumir skólar innheimta árgjöldin með skólagjöldunum en þar sem það er ekki gert er sendur greiðsluseðill í heimabanka forráðamanns. Félagsskírteini eru gefin út handa hverjum nemanda og afhendast af kennurum. Kennarar borga hærra gjald og viðhalda þannig réttindum sínum til að kalla sig Suzuki-kennara. Íslenska Suzukisambandið greiðir árlega gjald til Evrópska Suzukisambandsins (European Suzuki Association) fyrir alla kennara og fjölskyldur. Þar með hafa félagar í Íslenska Suzukisambandinu rétt til að sækja Suzuki-námskeið hvar sem er í heiminum.

**Heimasíða og Facebook:** Nánari upplýsingar um Íslenska Suzukisambandið má finna á heimasíðu félagsins [www.suzukisamband.is](http://www.suzukisamband.is) Einnig er hægt að gerast aðdáandi/vinur á fésbókinni en þar munum við setja inn tilkynningar, upplýsingar um viðburði og myndir. Heimsækið okkur á slóðinni <http://www.facebook.com/pages/Íslenska-Suzukisambandið/161865983848150>

**Starfsemi Suzukisambandsins** var öflug á síðasta vetri. **Upprifjunardagar** fyrir nemendur voru haldnir. Einnig **námskeið fyrir nemendur** í tengslum við kennarapróf. **Kennarar menntuðu sig**, sumir bættu við sig stigum og aðrir byrjuðu í réttindanámi. Fiðlu-, selló-, víólu- og píanó kennarar luku prófi. Aldrei hafa fleiri tekið réttindapróf kennara á einu ári en yfir 20 tóku próf hérlandis og að auki tveir sem luku prófi erlendis.

Þeir sem bættust við kennarahópinn eru:

Margrét Stefánsdóttir	flauta
Guðný Einarsdóttir	orgel
Greta Guðnadóttir	fiðla
Ólög Þorvarðsdóttir	fiðla
Kristín Björg Ragnarsdóttir	fiðla
Guðrún Markúsdóttir	píanó
Anna Magnúsdóttir	píanó
Helga Björg Ágústsdóttir	selló
Ólög Sigursveinsdóttir	selló

**Í fyrsta sinn var haldið hérlandis réttindanám í víólukennslu** fyrir þá sem áður höfðu lokið fiðlukennaraprófi. Fjórir luku réttindanámi í Suzuki-víólukennslu:

Svava Bernharðsdóttir	víóla
Guðrún Þórarinsdóttir	víóla
Kristín Halla Bergsdóttir	víóla
Guðmundur Kristmundsson	víóla

Þá lauk Sarah Buckley réttindaprófi í Suzuk fiðlukennslu en áður hafði hún lokið réttindanámi í víólukennslu.



# Íslenska Suzukisambandið

[www.suzukisamband.is](http://www.suzukisamband.is)

suzukisamband@gmail.com

**Kynning á Suzuki-gítarkennslu** verður í janúar 2011. Harald Söderberg, Suzuki-gítarkennari í Bergen, kemur til okkar 15. janúar og verður með kynningu á Suzuki-gítarkennslu fyrir gítarkennara. Ef nógu margir áhugasamir kennarar verða til að mynda hóp verður farið af stað með fyrsta hópinn í réttindanámi í Suzuki-gítarkennslu.

**Kennaralista Íss** er að finna á heimasíðu félagsins [www.suzukisamband.is](http://www.suzukisamband.is)

**Nemendanámskeið** voru haldin í júní síðastliðnum í tengslum við kennaranám og próf. Tókust þau mjög vel. Píanónemendur fengu afnot af Listaháskóla Íslands og fiðlu- og víólunemendur voru í Tónskóla Sigursveins. Kennarar komu frá Íslandi, Danmörku, Spáni, Skotlandi og Svíþjóð. Þátttaka var mjög góð en rúmlega 80 nemendur tóku þátt, víðsvegar að af landinu.

Tímasetningin þótti góð þ.e.í júníbyrjun (um það leyti sem grunnskólunum er að ljúka). Stefnt er að því að hafa námskeið fyrir nemendur aftur næsta sumar á svipuðum tíma og verður það nánar auglýst síðar.

**Upprifjunardagar** sem voru haldnir á síðustu önn gáfust vel og verða aftur í vetur. Allar upplýsingar verða á heimasíðu Suzukisambandsins, [www.suzukisamband.is](http://www.suzukisamband.is)

**Gestir munu heimsækja okkur** erlendis frá á þessu starfsári. Í apríl kemur Peter Hagn-Meincke, píanóknari frá Danmörku með nemendahóp og verða haldnir tónleikar í Reykjavík þar sem danskir og íslenskir nemendur koma fram.

**Aðalfundur** Íss var haldinn 6.október sl. Þar var samþykkt breytingartillaga sem lögð var fram. Nú eru 7 manns í stjórn, kosnir til tveggja ára í senn. 4 úr hópi kennara og 3 úr hópi foreldra. Allt starf í stjórninni er unnið í sjálfböðavinnu.

**Þeir sem nú sitja í stjórn Íslenska Suzukisambandsins eru:**

Þórdís Stross,	kennari 2.ár	formaður	
Guðrún Þórarinsdóttir	kennari 2.ár	ritari	
Bryndís Dagsdóttir	foreldri 1.ár	gjaldkeri	
Mary Campbell	kennari 1.ár		
Anna F. Kjartansdóttir	kennari 1.ár		
Elín A. Gunnarsdóttir	foreldri 2.ár		
Laufey Ólafsdóttir	foreldri 1.ár		
Aukaverkefni	Sigríður Roloff	foreldri	heimasíða
	Brynja Jónsdóttir	foreldri	

Með von um ánægjulegan vetur og spilagleði  
Kveðja, Stjórnin